# Kveldúlfur

3. II. | Þriðjudaginn, 2. ~~Janúar~~ Febrúar. | 1892

Þú beiddir mig, vinur minn, síðast er við sáumst, að senda þjer fáeinar línur í hann Kveldúlf þinn.—

Jeg er bráðgóður maður, eins og þú veizt, og skal því með ánægju verða við þessum tilmælum þínum, þótt það verði meira af vilja en mætti. Það er eina bótin, að jeg hef ótakmarkað svið til að spreyta mig á, og byrja því á einhverju, sem andinn inngefur mjer í þenna svipinn. Jeg held, að jeg gjöri rjettast í, að halda mjer við jörðina, og tala um eitthvað algengt efni, sem allir lesendur Kveldúlfs skilji, t. d. <u>hungur</u>, <u>þorsta</u>, <u>þreytu</u>, <u>meinleysi</u>, <u>þegjenskap</u>, <u>hjartleysi</u> og <u>kveifarskap</u> eða eitthvað þessháttar. Þetta eru daglegir gestir sem þarf að lýsa með rjettum litum. Hið daglega sljófgar venjulega tilfinningarnar svo maður þekkir máske opt sízt það sem optast ber fyrir augu og eyru; það verður að nokkurs konar [illegible], sem skilningarvitin venjast við.— Jafnvel þótt jeg sjái sjaldan menn sem stendur, ætla jeg að byrja á hungrinu. Jeg þekki það að fornu fari, og öfunda engan af því, að hafa ekki nægilegt fyrir sig og sína. Sjálfur hef jeg grátið fögrum tárum á æskuárum mínum af hungri og veit það af eigin reynslu, hve sárt það er. En þó er annað hungur sárara, en það sem á sjálfum liggur, það er að sjá börn sín og maka svelta. Sjálfur hef jeg ekki reynt þær kvalir; en jeg hef sjeð þær og heyrt fleirum sinnum. Mjer hefur dottið fyrst af öllu í hug að gráta þegar jeg hef sjeð magra barnakonu vera að biðja um hjálp handa sjer og börnunum sínum; en svo hef jeg alltaf hert mig upp eins og hinir mennirnir, ruggað tárin úr augnakrókunum með erminni minni, svo enginn skyldi sjá það, og farið að tala um veðrið eða aflabrögðin.

Aumingja konan hefði auðvitað farið jafnsvöng heim til sín fyrir þeim góðgjörðum sem hún fjekk þar; hjá mjer hefði jeg aldrei reynt hið sama. Jeg gáði í budduna mína og sá að í henni voru 65 aurar.— „Taktu við þessum 65 aurum" sagði jeg við konuna, „og kauptu þjer 1 rúgbrauð fyrir þá í búðinni." „Guð launi þjer fyrir mig" sagði aumingja konan; „en jeg verð að hafa það eitthvað annað" en rúgbrauð, sem jeg get satt okkur með í kvöld fyrir aurana þína, því það kostar nú orðið 70 aura.— „Já, það er alveg satt, það eru orðnir 70 aurar" sagði jeg um leið og jeg rankaði við mjer, að útflutningsbannið í Rússlandi hlaut samkvæmt rás viðburðanna og táknum tímans að hafa áhrif á svanga maga úti voru kalda landi Íslandi.

Lengi lifi Rússakeisari og blessaðir kaupmennirnir okkar!

(Meira síðar)

A. b. c. d. e f g – x. y. z. þ. æ ö.

# Orðheldni

Orðheldni hefir ávallt, á öllum öldum, verið talin sómi og prýði á hverjum manni, og mun þetta svo almennt viðurkendur sannleikr, að óþarft virðist að rökstyðja hann. Samt eru nokkrar líkur til þess, að virðing fyrir þessari fögru dygð sje heldur að hnigna, vegna þess hve óorðheldni er orðin almenn, nær liggur við að segja hún sje orðin að daglegu brauði og drottnandi vana á meðal margra hjer á landi; og þrátt fyrir margar framfarir nútíðarinnar í fullkomnunar stefnu, þá má færa mörg rök að því að vjer stöndum orðnir tölvert á eptir forfeðrum vorum í að halda eða virða orð vor og eiða.

Um gömlu íslendinga hefur verið með sanni sagt: „Æ tíð þeir hjeldu þá eiða sem sóru“. Almenningsálitið gjörði þá menn óalandi, óferjandi, sem ekki efndu trúlega loforð sín, skoðaði þá sem óþokka og ótrúmenni í mannfjelaginu, hvar af leiddi að orðheldni skipaði optastnær öndvegi.

Nú á dögum er nokkuð öðru máli að gegna og það svo, að vel mætti snúa við bögunni og segja: aldrei þeir hjeldu þá eiða sem sóru“, því daglega heyrast umkvartanir þeirra manna, sem nokkuð til muna hafa saman við aðra að sælda, að þeir verði fyrir óorðheldni náungans, að honum sje svo hætt við að svíkja orð sín og loforð. Eg, fyrir mitt leiti, efast ekki um að sumstaðar sem þessi sje á rökum byggð, og jeg álít að óorðheldni, vor á meðal, sje jafnvel á því tröppustigi að hún, með tímanum geti orðið að ólæknandi átumeini í þjóðlíkamanum og styð þá skoðun mína með því, að nokkrir af þeim mönnum, sem ekki eru lausir við að sýna óorðheldni, óskilsemi og óreglu í viðskiptum við aðra, halda þó lítt skertu áliti sínu, á meðal fjöldans. Þetta tek jeg sem vott þess, að líkaminn finni ekki svo mjög til meinsemdarinnar, nefnil. að rotinn sje kominn í sárið. Því miður get jeg ekki bent á öruggt meðal til að lækna þessa meinsemd. Eg held ekki óheppilegt að prestarnir á prjedikunarstólunum lýstu mönnum afdráttarlaust fram í ókosti óorðheldninnar og kosti orðheldninnar og álít að sú kenning mundi ekki síður geta haft betrandi ávexti í för með sjer en kenningin um gjörspillingu mannsins vegna erfðasyndarinnar.

Borgaraleg lög álít jeg líka ætti að beitast að taka inní með óorðheldni en þau gjöra; en bezt af öllu mundi sú sanna lækning að menn tækju Benjamin Franklin sjer til fyrirmyndar eða breyttu hvað þetta atriði snertir í líkingu við hann og hver og einn spyrði sjálfan sig að á hverju kvöldi: „Hefi jeg ekki í dag lofað einhverju, sem jeg annaðhvort *ætla mjer ekki* að efna, eða *get ekki* efnt undir *einhverjum* eða *öllum* kringumstæðum?“ Ef menn og alvöru legðu fyrir sig þessa spurningu, mundu þeir líka að dæmi Franklins taka fyrir sig að efla fleiri dygðir; en þótt ekki væri tekin fyrir nema þessi eina, orðheldni í orðum og framkvæmd væri fagur mikil

unnið, því auðsætt er að orðheldni aflar hverjum manni trausts og virðingar; þar sem óorðheldnin sýnist ekki geta bakað mönnum annað en vantraust og óvirðingu; eins og líka hún vekur tortryggni, óánægju og óreglu yfir höfuð. Mættu menn almennt óhult reiða sig á orð og loforð hver hjá öðrum væri stórt spor stigið til framfara.

Vjer höfum nú lítilsháttar talað um óorðheldni yfir höfuð, án þess þó að rekja hinn margþætta illkynjaða vef afleiðinga hennar, sem hjer yrði allt of langt málefni. Að endingu vil jeg samt minnast á einn þátt hennar, jafnvel þann þátt, sem sárfáir taka eptir – já, eða þann þátt, sem ekki er almennt talin óorðheldni. Það er þegar vjer í daglegu tali köllum hver annan vin, tölum vingjarnlega við hann, jafnvel sláum honum gullhamra (hælum honum upp í eyrun, og látum í ljósi bezta traust til hans) ávörpum hann í sendibrjefi sem elskulegan og góðan vin, óskum honum þar heilla og blessunar; en jafnharðan erum vjer í standi til að álasa honum við aðra, alls ekki að taka málstað hans þó honum sje álasað eða hann baktalaður af öðrum heldur fyllum, ef til vill, flokk mótstöðumanna þessa ástúðlega vinar vors!!! já, – jafnvel hlífumst ekki við að hnekkja góðu mannorði hans. Þegar hræsnin á þenna hátt hefir þokað hreinskilninni úr sæti, en skipar sjálf öndvegið, sýnist mjer óorðheldnin birtast í viðbjóðslegri mynd og veit jeg dæmi til, að betur færi á að menn væru varkárari, hvað þetta snertir, en almennt gjörist.

Að þetta, sem að framan er sagt eigi sjer ekki margar góðar undantekningar, veit jeg að engum dettur í hug að sje meiningin. Þeir menn eru náttúrlega, sem betur fer margir til, sem álíta sjer skylt og kappkosta að halda orð sín og eiða, og einnig þeir, sem auðsýna vináttu án hræsnis; en því miður, þeir eru of fáir með tilliti til fjöldans.

## IX

## Gangur lífsins.

Lukkan er fallvölt og leið vor er hál,
því líf vort er blandið með hlátur og tál.

Allskonar myndir og ímyndað skraut,
sem óðar en varir er horfið á braut.

Því opt verður fegursta unaðarhnoss
á augnabliks tíma að bitrasta kross.

Og saklausar vonir að sárasta kífi: –
svona er gangurinn í voru lífi.

Vjer sjáum þess daglega sorglegan vott;
en samt er þó lífið í rauninni gott.

Því sorgir og harmar, já, hverfleiki og gröf
er himinsins blessuð náðargjöf.

Því tárin opt svala þá sárast er kífið
og sætta oss aptur við dauðann og lífið.

Bergsteinn Jóns

# Valið

Á meyjanna skara eg mæni
og mæni án afláts og stari;
því fríðustu vildi eg velja,
en valið það sveikur mig ætíð:
því ein hefur skærari augu,
önnur er rjóðari í kinnum,
þriðja hefur þýðari varir,
þá hefur fjórða bezt hjarta.
Svo finn eg máske þá fimmtu,
er fangað getur mitt hjarta.
Ó, guð minn! eg get ekki valið; —
en gæti þó faðmað þær allar.

Z.

# Fuglaveiðar á Færeyjum

(Þýtt af J—r.)

Á Færeyjum eru fyrirmikil sjölg af allskonar sjófuglum, sem árlega byggja hreiður sín í hengiflugunum þeim, sem eru á norðanverðum eyjunum. Hinir yngri menn meðal eyjabúa hætta sjer í sigum í hamra þeirra og liggja þar við í vikur á sumrin til að snara fuglinn. Þegar þeir eru búnir að kveðja heimilisfólkið eins rækilega og þeir ættu aldrei apturkvæmt, halda þeir af stað með sigreipi, fuglanet og nestismal, og klifra svo hátt í hamrana að þeir sem eptir eru á láglendinu hverfa sjónum þeirra. Kasta þeir þaðan sigreipum fram af hamrabrúninni og einn maður vaðbindur sig og sígur niður í hið gínandi afgrunn uppi [illegible]landa. Þeir, sem undir festinni sitja, hlusta, óvissir um hvort fyrirtækið muni heppnast — óttastunur stíga upp frá brjóstum þeirra á hverju augnabliki. Menn spyrja og kalla; bergmálið svarar; menn bíða —. Að síðustu heyrist hin eptirþráða rödd. Sigmaðurinn kropar upp til fjelaga sinna. Almennt fagnaðaróp. Einn í einu síga þeir niður til þess, er áður fór, og bíta síðan á palli, sem þeir geta hvílt sig á. Ekkert heyrist nema fuglakliðurinn og hvínandi hafniðurinn. Náttúran er mjög eyðileg og ógurleg, en þó fögur á kvöldin þegar sólin sígur rauðglóandi í ægi. Á hinum litla fleti, sem þar er, er byggt grjótbyrgi til skjóls í óveðrum. Að því búnu er malpokinn opnaður; í honum er hert fuglakjöt, reykt sauðakjöt o. s. frv. og dálítil pitla — henni er aldrei gleymt — með dönsku brennivíni. Menn borða nú og drekka hvers annars minni og óska hver öðrum langra lífdaga, en umfram allt, að þeir komist þaðan lifandi aptur. Svo byrjar veiðin. Hver maður velur sjer veiðistöð; hún er að vísu þraung, en þeir eru geitfráir að klifra í berginu. Hafa þeir með sjer fuglanet sitt og kasta því með undraverðri lipurð og handvissu úti í fuglamergðinni; fuglinn ánetjast, er snúinn úr hálsliðunum og fleygt afsíðis. Þetta skeður allt í einu vetfangi, svo að duglegur sigmaður getur þannig veitt 800 fugla á dag. Eptir þetta langvinna vikna strit snúa þeir heim úr verinu og hylja ~~þeir~~ sig þannig utan með fugli, að hinir fagnandi vinir þeirra og kunningjar geta ekki þekkt nje fundið þann, er þeir hafa úr helju heimtan, til að faðma hann að sjer. Heimkomunni er fagnað með dansleik og pytlan opnuð á ný. —